

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2019
Tilvísun: OS2019000079/50.11
Verknúmer: 331290

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunartillögu um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta á Íslandi, 44. mál.

Almennt er Orkustofnun fylgjandi því að kannaðir séu möguleikar á ræktun og vinnslu orkujurta. Orkustofnun vill þó benda á að efnahagslegar og samkeppnislegar forsendur gagnvart öðrum mögulegum orkugjöfum, svo sem vetni, metan og svo frv., geta þróast með ýmsum hætti og því óvarlegt af stjórnvöldum að veðja á einn kost sérstaklega.

Ef vel tekst til verða áhrif á landnotkun, landslag og náttúrusvæði veruleg og eitthvað sem þarf að huga vel að m.t.t. ólíkra sjónarmiða um þróun örfoka svæða. Eins þarf að kanna viðhorf framleiðenda vélbúnaðar til að nota slíkt eldsneyti, til dæmis á aflvélar skipa sem eru í ábyrgð.

Að öðru leyti hefur stofnunin ekki athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra

Harpa Þórunn Pétursdóttir